

Nd. 276. Frumvarp til laga [161. mál]

um eignarnám jarðarinnar Svinadals í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu.

Flm.: Gísli Guðmundsson.

1. gr.

Ríkisstjórninni er heimilt að taka eignarnámi jörðina Svinadal í Kelduneshreppi í Norður-Þingeyjarsýslu.

2. gr.

Þegar eignarnám hefur farið fram samkvæmt 1. gr., skal ríkisstjórnin selja Kelduneshreppi jörðina fyrir það verð, er dómkvaddir menn meta.

3. gr.

Heimaland jarðarinnar er Kelduneshreppi skylt að leigja eða ráðstafa á annan hátt til ræktunar í samráði við Búnaðarfélag Íslands. Enn fremur er hreppsnefndinni skylt að gefa bændum í hreppnum kost á afnotum af afréttarlandi jarðarinnar.

4. gr.

Lög þessi öðlast þegar gildi.

Greinargerð.

Frv. þetta er flutt í samráði við hreppsnefnd Kelduneshrepps. Samkvæmt veð-málabókum virðist jörðin Svinadalur síðan á árinu 1914 hafa verið eign félags í Englandi. En í seinni tíð hefur þetta félag engin afskipti haft af jörðinni og tilvera þess jafnvel dregin í efa. Eðlilegt þykir, að hreppurinn fái eignarhald á jörðinni, m. a. vegna þess, að mikill hluti af henni er afréttarland, sem bændur í hreppnum þurfa til sameiginlegra afnota.